

greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Meistarafélags járníðnaðarmanna f. h. Stálvíkur h/f, Garðahreppi, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Málm- og skipasmíðasambands Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 13. október 1970.

Nr. 2/1970. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestfjarða vegna Vélsmiðjunnar Þórs h/f**
(Barði Friðriksson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna á Ísafirði
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Ákvæði kjarasamnings um kaffitíma skýrð.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 22. júní þ. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestfjarða vegna Vélsmiðjunnar Þórs h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna á Ísafirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að ákvæðið: „Þó skulu kaffitímar verða

áfram með sömu tilhögun og hér hefur verið undanfarið“, í kjarasamningi Vinnuveitendafélags Vestfjarða og Félags járníðnaðarmanna á Ísafirði, dags. 24. júní 1969, sé rétt skilið og framkvæmt svo, að séu kaffítímar teknir í dagvinnutíma tvisvar, 15 mínútur í senn, sé ekki skylt að greiða kaup fyrir þann tíma.

2. Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í 2. gr. kjarasamnings, dags. 20. maí 1969, milli Meistarafélags járníðnaðarmanna og Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík segir svo:

„Vinnutími skal vera 42,5 klst. virkur vinnutími á viku (effektivur). Vinnutíminn styttest um ½ klst. á viku árlega 1. jan. ár hvert, í fyrsta sinn 1. jan. 1970, þar til hann er orðinn 40 klst. á viku“.

Með þessu samningsákvæði var horfið frá fyrri samningsbundnum reglum um 15 mínútna kaffihlé tvisvar á dag í dagvinnutíma.

Í tilefni af þeirri breytingu, er þannig varð á kjarasamningsákvæðum um kaffitíma, undirrituðu fulltrúar meistarafélagsins yfirlýsingu sama dag, er skoðast skyldi sem hluti nefnds samnings, og hljóðar hún svo:

„Þar sem kaffihlé eru felld niður úr samningsbundnum dagvinnutíma skal járníðnaðarmönnum heimilt að hafa með sér kaffi og brauð og neyta þess í vinnutíma, þó þannig, að sem minnstri röskun valdi á vinnunni og að menn hópist ekki saman til kaffidrykkju.“

Verði heimild þessi misnotuð af sveinum, áskiljum vér félagsmönnum Meistarafélags járníðnaðarmanna rétt til að taka upp fasta kaffitíma, enda ljúki dagvinnu þeim mun síðar“.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að framkvæmd framangreinds kjarasamnings hafi á grundvelli nefndrar yfirlýsingar orðið með þeim hætti í Reykjavík, að eigi hafi verið teknir sérstakir kaffítímar, í þeim fyrirtækjum, þar sem

vélvæðingu og störfum var svo háttað, að starfsmenn gátu drukkið kaffi sitt án þess að vinna þeirra stöðvaðist. Hins vegar hafi kaffitímanum verið haldið þar sem vélvæðing var skemmra á veg komin og starfsaðstæður þær, að kaffidrykkja og starf gat illa farið saman, en vinnutíminn þá lengzt að sama skapi.

Hinn 24. júní 1960 gerðu aðiljar þessa máls svohljóðandi samning:

„Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði og Vinnuveitendafélag Vestfjarða gerast hérmeð aðiljar að samningi Meistarafélags járníðnaðarmanna og Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík, dags. 20. maí s.l. með þeim frávikum, að nefndur samningur gildir frá 1. júní s.l.

Þó skulu kaffitímar verða áfram með sömu tilhögun og hér hefur verið undanfarið“.

Er hér átt við kjarasamning þann, sem að framan er getið.

Ágreiningsefni máls þessa er það, að stefnandi heldur því fram, að sérákvæði Ísafjarðarsamkomulagsins um kaffitíma beri að skilja svo, að þar sem kaffitímar eru teknir tvisvar á dag 15 mínútur í hvort sinn, en þeirri tilhögun sé fylgt á Ísafirði, skuli dagvinnu ljúka þeim mun síðar, þ. e. að kaffitímar skuli ekki greiddir, eins og áður var. Ef sveinar hætti samt á sama tíma og áður, sé rétt að draga af kaupum þeirra samsvarandi fjárhæð. Um það hafi verið samið í Reykjavíkursamningnum frá 20. maí 1969, að niður skyldi falla greiðsla fyrir kaffitímana, en upp tekin sú regla að greiða einvörðungu fyrir unnar (effektivar) stundir. Hins vegar hafi með yfirlýsingu Meistarafélags járníðnaðarmanna verið haldið opnum þeim möguleika, að járníðnaðarmenn fengju ákveðinn tíma daglega til kaffidrykkju, að því tilskildu, að daglegur vinnutími lengdist að sama skapi. Hafi tilhögun kaffidrykkjunnar hér í Reykjavík samkvæmt því, svo sem áður er getið, orðið með tvennum hætti, en ágreiningslaust með öllu hér í Reykjavík, að væru kaffitímar teknir, lengdist daglegur vinnutími að sama skapi. Á Ísafirði hefði á sama hátt og í Reykjavík verið samið um virkan (effektivan) vinnutíma, og fælist ekki annað í sérákvæði Ísafjarðarsamn-

ingsins um kaffitímamann en það, að haldast skyldi sú tilhögun, að sérstakur kaffitími væri tekinn. Sú skipan hefði hins vegar ekki átt að hafa áhrif á ákvæði kjarasamningsins um virkan vinnutíma. Og þar sem starfsmenn Vélsmiðjunnar Þórs hefðu neitað að ljúka dagvinnu þeim mun síðar, hefði fyrirtækið ekki átt annarra kosta vól en að draga af kaupum þeirra fjárhæð, sem því nam.

Af hálfu stefnda er því aftur á móti haldið fram, að með samningnum frá 24. júní 1969 hafi verið samið um annað fyrirkomulag á Ísafirði en í Reykjavík, að því er kaffitímama varðar, þannig að járniðnaðarmenn þar mættu áfram taka kaffihlé án þess að dagvinnutíminn lengdist að sama skapi, enda hafi einn viðsemjenda járniðnaðarmanna á Ísafirði, Skipasmiðastöð M. Bernhardssonar, framkvæmt ákvæði kjarasamningsins með þeim hætti. Þá heldur stefndi því einnig fram til stuðnings máli sínu, að í samningum, sem gerðir voru á Ísafirði s.l. sumar, hafi þeir vinnuveitendur á Ísafirði, er hér eiga hlut að máli, í raun og veru keypt umdeilda kaffitíma með sérstakri greiðslu til járniðnaðarmanna.

Fram er komið í málinu, að við samningsgerðina á Ísafirði 24. júní 1969 hafi samningsaðiljar haft í höndum Reykjavíkursamninginn frá 20. maí 1969 og yfirlýsingar þær, dags. sama dag, er honum fylgdu. Er ekkert fram komið, sem bendir til þess, að rætt hafi verið um það við samningsgerð, að vikið skyldi frá skýlausum ákvæðum Reykjavíkursamningsins um virkan vinnutíma, en þar sem hér var um mikilvægt atriði og nýmæli í samningnum að ræða, var ástæða til þess að það kæmi skýrt fram í samningnum sjálfum, ef það var ætlun vinnuveitenda að falla frá þeirri meginreglu, sem þetta ákvæði fól í sér.

Þegar tekið er tillit til þeirra atriða, er nú hafa verið rakin, verður eigi talið, að sérákvæði samningsins frá 24. júní: „Þó skulu kaffitímar verða áfram með sömu tilhögun og hér hefður verið undanfarið“, feli í sér annað en það, að sérstakur tími skyldi tekinn til daglegrar kaffidrykkju, án þess að það hefði áhrif á virkan dagvinnutíma. Haggar það ekki þessari niðurstöðu, þótt einn vinnuveitenda í járniðnaðarrekstri þar léti það ekki í fyrstu hafa áhrif á kaupgreiðslur

sí­nar, þótt kaffití­mar væru teknir, án þess að vinnutí­minn lengdist að sama skapi. Þá er ekki heldur sönnuð sú stað­hæfing stefnda, að vinnuveitendur á Ísafirði hafi með kjarasamningi, sem gerður var 15. júlí s.l., hleypt stoðum undir þann skilning, sem stefndi heldur fram á umdeildu samningsákvæði um kaffití­mann.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður dómkrafa stefnanda tekin til greina.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreint ákvæði um kaffití­ma í kjarasamningi Vinnuveitendafélags Vestfjarða og Félags járníðnaðarmanna á Ísafirði, dags. 24. júní 1969, er rétt skilið og framkvæmt svo, að ekki er skylt að greiða kaup fyrir þá kaffití­ma, sem um er deilt í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
